


Borgarmenning


- Borgarvitund
- Að byggja sér fortíð
- Orð- og hugtakaskýringar fyrir borgar- og bæjarskipulag



Titill	Betri borgarbragur
Undirtitill	Borgarmennig
Útgáfuár	2013
Höfundur	Björn Marteinnsson (ritstj), Helgi B. Thóroddsen
Tungumál	Íslenska
Lykilorð	Íslensk þéttbýlismenning, skipulag
Keywords	Icelandic culture and urban life and planning
ISBN	978-9935-463-05-0

Ljósmyndir	Betri Borgarbragur, Fréttatíminn, Google Earth og Charles Marville
Teikningar	Betri borgarbragur
Forsíða	Betri borgarbragur

Heimilt er að gera úrdrátt sé heimildar getið: Helgi B. Thóroddsen, (2013).
Borgarmenning, Reykjavík: Betri borgarbragur, Kanon arkitektar



Borgarmenning

- Borgarvitund
- Að byggja sér fortíð
- Orð- og hugtakaskýringar fyrir borgar- og bæjarskipulag

ÚTDRÁTTUR - BORGARMENNING

Hér er fjallað í þremur hlutum um tengsl menningar og skipulags borga og bæja. Fyrstu tveir hlutarnir eru greinarnar um þéttbýlismenningu en síðasti er vísir að orða- og hugtakasýringum fyrir borgar- og bæjarskipulag.

1. VITUNDIN UM BORGINA (bls.3)

Þéttbýli á Íslandi er ungt ef miðað við aðrar Evrópuþjóðir. Í upphafi 18.aldar finnst varla þéttbýli á landinu en nú í byrjun 21.aldar. býr nær öll þjóðin á mölinni. Vegna ungs aldurs þéttbýlis hér á landi hefur það ekki náð rótfestu í menningu þjóðarinnar. Eitt af þjóðareinkennum Íslendinga er sterk vitund fyrir landinu og sveitinni en að sama skapi er vitundin fyrir þéttbýlinu að skorum skammti. Í þessari grein er fjallað um borgarumhverfi í ljósi menningar og sögu. Gerð er grein fyrir ýmsum hugtökum í borgarumhverfi og samhengi þeirra skoðað.

2. AÐ BYGGJA SÉR FORTÍÐ (bls.15)

Almennar hugleiðingar um verndunarmál og skipulagsmál miðborgar Reykjavíkur. Reykjavík er ung borg sem þarf að hafa svigrúm til að þroskast, einnig miðborgin. Ýmsum gundvallarspurningum um miðbæinn þarf að svara áður en lengra er haldið. Hver á staða miðborgarinnar að vera gagnvart höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu? Hvernig miðborg viljum við eiga? Viljum við safn eða lifandi miðbæ? Viljum við leiktjöld eða raunveruleg hús. Eiga Reykvíkingar að lifa lífinu í úthverfum og heimsækja aðeins miðbæinn til spari, knæpunar á föstudags- og laugardagskvöldum og á sunnudögum fara með fjölskyldunni til að sjá hvernig fólk lifði áður fyrr.

Við þurfum ekki að hræðast samtímann. Nýtt og gamalt getur alveg átt samleið. Við þurfum að vera opin gagnvart nýjum hugmyndum í miðbænum. Það hafa sjálfsagt aldrei verið jafnmargir á Íslandi sem hafa menntun og getu til að skapa fallega og góða hluti og nú. Við þurfum að nota þessa krafta og skoða málið frá fleiri sjónarhornum en við gerum í dag. (Greinin birtist í Fréttatímanum 13.janúar 2012)

3. ORÐ- OG HUGTAKASÝRINGAR FYRIR BORGAR- OG BÆJARSKIPULAG (bls.23)

Skipulagsmál eru mikilvæg fyrir líf fólks. Það skiptir því máli að orð og hugtök sem notuð eru í ræðu og riti um skipulagsmál séu skýr og allir skilji þau á sama hátt. Almennur, stjórnálamenn og arkitektar/skipulagsfræðingar þurfa að nota sömu hugtökin og hafa sama skilning á þeim. Þetta er forsenda allrar framþróunar og samræðu um skipulagsmál og mjög mikilvægt ef íbúalýðræði á að vera virkt í skipulagsmálum. Nokkuð vantar upp á orðsýringar í þessum málaflokki. Í þessum orðalista BBB er reynt að skýra nokkur hugtök borgar- og bæjarskipulags með einföldum hætti.

SUMMARY

The Urban environment is very young in Iceland. In three articles are the subjects the relationship between the Icelandic culture and urban life and planning. The first two articles are about the Icelandic urban culture and the last part is a glossary to explain in Icelandic terms and words for urban planning.

Betri borgarbragur- rannsóknarverkefni

Menn hafa byggt sér skýli í einhverri mynd í einhverja tugi árpúsunda, og á norðlægum slóðum hefur húsaskjól verið ein af grunnþörfum manna. Allan þennan tíma hafa byggingarmenn þurft að finna lausn á því hvernig heppilegast og hagkvæmast væri að ná góðum árangri með þeim efnum sem buðust hverju sinni. Með vaxandi þéttbýlismyndun hefur flækjustig aukist og nú þarf ekki einungis að hugsa fyrir húsaskjól einu saman heldur hefur nábýli og feykihröð þörf fyrir aukin samskipti og flutninga sett nýjar kröfur á hið byggða umhverfi. Kröfur til umhverfisins hafa stöðugt aukist og nú er í vaxandi mæli gerð krafa um að stefnt skuli í átt að sjálfbærari þróun í byggingariðnaði sem öðrum starfssviðum í þjóðfélaginu. Verðmæti sem liggja í hinu byggða umhverfi eru feikimikil, byggt er til langs tíma og því nauðsynlegt að fjárfestingin nýtist ókomnum kynslóðum með lágmarksálagi á umhverfi.

Vorið 2009 tóku fulltrúar sjö aðila höndum saman um að skilgreina rannsóknarverkefni sem fjalla skyldi um hið byggða umhverfi, með áherslu á hvernig gera mætti þéttbýli umhverfisvænna og sjálfbærara heldur en verið hefur. Þar sem verkefnasviðið mjög umfangsmikið og snertir mjög ólík starfssvið og hagsmuni þá var ákveðið að verkefnisstjórn skyldi vera skipuð einum aðila frá hverjum þátttakanda, en með öflugtu tenglaneti yrðu aðrir áhugaaðilar tengdir verkefninu. Verkefnið hlaut þriggja ára Öndvegissstyrk Tækniþróunarsjóðs Rannís árin 2009-2012 og árið 2010 styrk frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.

Verkefnisstjórn skipuðu eftirtaldir aðilar;

- Björn Marteinsson, arkitekt og verkfræðingur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og dósent við Háskóla Íslands-Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, verkefnisstjóri
- Hans-Olav Andersen, arkitekt, Teiknistofan Tröð
- Harpa Stefánsdóttir, arkitekt, Akitektúra
- Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt, Hús og skipulag
- Helgi B. Thóroddsen, arkitekt, Kanon arkitektar
- Páll Gunnlaugsson, arkitekt, ASK arkitektar
- Sigbjörn Kjartansson, arkitekt, Gláma-Kím arkitektar

Að verkefninu hefur, auk verkefnisstjórnar, komið fjöldi aðila og skulu þeir helstu nafngreindir:

- Anna Sóley Þorsteinsdóttir, arkitekt, Kanon arkitektar
- Bjarni Reynarsson, land- og skipulagsfræðingur, Landráð
- Brynhildur Davíðsdóttir dósent HÍ í Umhverfis- og auðlindafræðum, umsjónarmaður framhaldsnáms
- Gunnar Örn Sigurðsson, arkitekt, ASK arkitektar
- Helga Bragadóttir, arkitekt, Kanon arkitektar
- Helgi Þór Ingason, Háskólanum í Reykjavík
- Ólafur Tr. Mathiesen, arkitekt, Gláma-Kím arkitektar
- Ragnhildur Kristjánsdóttir, arkitekt, Teiknistofan Tröð
- Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur, Hagfræðistofnun
- Sverrir Ásgeirsson, Hús og skipulag
- Þórður Steingrímsson, arkitekt, Kanon arkitektar
- Þorsteinn Helgason, arkitekt, ASK arkitektar
- Þorsteinn Hermannsson, verkfræðingur, Mannvit
- Vilborg Guðjónsdóttir, arkitekt ASK, arkitektar

Í verkefninu var talað við fjölda aðila; hönnuði, stjórnáamenn, embættismenn hjá ríki og sveitarfélögum auk háskólafélks, sem ekki verða nafngreindir fjöldans vegna.

Verkefnisstjórn kann þátttakendum í verkefninu og viðmælendum bestu þakkir fyrir þeirra liðsinni, og rannsóknasjóðunum báðum fyrir fjármögnunina - án ykkar þátttöku hefði þessi úttekt ekki orðið að veruleika. Verkefnið hefur verið kynnt fjölda aðila á fundum og ráðstefnum, og einnig skrifaður fjöldi erinda sem birst hafa innanlands og erlendis.

Árangur verkefnisins er birtur í yfirlitsskýrslunni „Betri borgarbragur“ og að auki í mörgum skýrslum um ólíka málaflokka sem snerta verkefnissviðið.

1. Vitundin um borgina

Flestir Íslendingar hafa borg eða þéttbýlisumhverfi fyrir augunum alla daga. En er þetta umhverfi okkur eins tamt og vera skyldi? Nei, þó að við lifum nær öll í þéttbýlisumhverfi liggja rætur íslenskrar menningar í dreifbýlinu. Með menntun okkar og menningu tengjumst við náttúru landsins sterkum böndum, hún er er stór hluti af þjóðarvitund okkar. Við höfum frá barnæsku verið uppfrædd um sveitina, sveitameningu og allt sem henni tengist. Jarðfræði, náttúrufræði, Íslandssaga og bókmenntir gefa okkur skýra mynd af íslenskri náttúru frá ýmsum sjónarhornum og hjálpa okkur að skilja hana og meta og sjálf íslenskan er tungumál dreifbýlisins. Uppruni orða og málshátta og orðatiltækja á íslensku tengjast nær öll sveitinni og fornum atvinnuháttum beint eða óbeint. Það sama er ekki hægt að segja um þéttbýlis- og borgarumhverfi okkar, það hefur ekki öðlast þann sess sem því ber. Forsenda jákvæðrar byggðarþróunar á Höfuðborgarsvæðinu er augin borgarvitund sem fæst með fræðslu. Það sama gildir um borgarumhverfið og þéttbýlið og náttúruna það þarf þekkingu til að skilja eðli þess, möguleika og takmarkanir.

Þéttbýlið

Nútímavæðing Íslands á 20.öld gerðist á undraverðum hraða, á örskömmum tíma færði hún nær alla þjóðina úr sveit í þéttbýli. Þegar Íslendingar voru taldir árið 1703 var stærsti þéttbýlisstaður landsins Hellissandur, þar bjó 231 íbúi í 55 þurrbúðum (*heimild, Gunnar Karlsson. „Hvað varð til þess að fólk flutti úr dreifbýli í þéttbýli?“*. *Vísindavefurinn* 5.11.2012). Árið 1901 bjuggu 22,6% landsmanna í þéttbýli með fleiri en 200 íbúum en 2011 var talan komin upp í 93,6% (*heimild, Hagstofan*). Þjóðin fluttist úr umhverfi sem hafði verið samtvinnað menningunni frá upphafi í alveg nýjar aðstæður. Ómótað umhverfi með óþekktum möguleikum og hættum. Segja má að jafnvel enn í dag er þéttbýli á Íslandi það ungt að kalla má okkur núverandi íbúa þéttbýlisins landnema þess þótt að við séum flest þéttbýlisbúar af 2. og 3.kynslóð. Við lifum og búum í þéttbýli en viðmiðin eru mörg hver ennþá úr sveitinni. Sum þeirra sjálfsgöð gildi í sveitinni en vandmeðfarin í þéttbýlinu. Bestu bæjarstæðin eru þau sem eru áberandi í landslaginu og með besta útsýninu. Ekkert skyggir á sveitabæinn og þaðan sést til allra átta. Þetta fyrirkomulag gengur illa í þéttbýlinu. Þetta er hægt með fyrstu húsunum sem eru reist en eftir því sem þeim fjölga skyggir nýtt hús á þau sem fyrir eru. Aðeins í jöðrum byggðarinnar og á hæstu hæðum er sjálfgefið útsýni úr húsunum. Annað sem við höfum tekið með okkur úr sveitinni er að hafa stóra grasbala á milli stakstæðra húsa. Í dreifbýlinu er langt í næstu nágranna og allt að því fullkomið frelsi til athafna. Í þéttbýlinu ríkir ekki sama frelsi, því taka þarf að taka tillit til nágrannana í ríkara mæli. Í þéttbýlinu eru fleiri hefðir og reglur í samskiptum fólks til að mannlífið gangi snurðulaust fyrir sig.

Borg

Húsin skapa saman heild, borgarlandslag sem hefur sínar eigin forsendur. Húsin skapa saman, bæjarrými borgarinnar, götur, garða og torg, umhverfið sem við flest lifum og hrærumst í okkar daglega amstri. Borgarlandslagið hefur sín eigin einkenni sem líkja má við dali, gljúfur, skörð og rjóður úti í náttúrunni.

Reykjavík er eina þéttbýlið á Íslandi sem er kallað borg. Í borg búa margir og starfa á afmörkuðu svæði. staðbundið miðpunktur verslunar og viðskipta, menntunar, menningar, afþreyingar og þjónustu. Önnur einkenni eru að í borg er

fjölbreytt starfsemi, fjölbreyttar íbúðir atvinna og þjónusta. Yfirleitt er þar hátt hlutfall sambyggðra húsa (borgarhúsa). Til að þéttbýli teldist borg áður fyrr í Evrópu þurfti dómkirkju. Borgarmúrar umluku einnig borgir fyrr á tímum. Stærri borgir skiptast oft upp í miðborg og úthverfi, þær geta síðan verið hluti af stærri heild, eins og Reykjavík er hluti af Höfuðborgarsvæðinu.

Hvenær bær verður borg er frekar ónákvæmt, það fer eftir heimshlutum og íbúafjölda landa. Það skiptir heldur ekki máli hvort þéttbýlið sé borg eða bær sömu lögmál gilda þótt stærðin sé önnur. Í sumum löndum er jafnvel ekki gerður greinarmunur á borg og öðru þéttbýli eins og í Frakklandi (“ville”).

Borgarnafnið kemur snemma upp í Reykjavík, embætti borgarstjóra var stofnað strax árið 1907. Íbúafjöldi í Reykjavík tveimur árum áður árið 1905 var aðeins 8.997. Embætti borgarritara var stofnað árið 1934 og borgarlæknis 1949. Árið 1962 tóku gildi ný lög um sveitarstjórnir og tveimur árum síðar var sett ný borgarmálasamþykkt fyrir Reykjavík. Með henni breyttist Reykjavík opinberlega úr “bæ” í “borg”. Þá var öllum embættis- og stofnanaheitum breytt. Borgarstjórn kom í stað bæjarstjórnar, borgarfógeti í stað bæjarfógeta og svo framvegis. Eina undantekningin var Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Hvenær fannst íbúum Reykjavíkur þeir búa í borg fremur en í bæ? Viðhorfin breytust ekki á einum degi. Margt í borginni tók lengi mið af sveitalífi. Hundahald var um lengi bannað í borginni af þessum sökum. Viðhorfið var að hundar ættu ekki heima í borginni þeir ættu aðeins að vera í sveit þar sem þeir gætu verið frjálsir. Hundahald var fyrst leyft í Reykjavík árið 1984. Eftir það komu nýir borgarbúar, borgarhundar sem urðu að sætta sig við borgarumhverfið eins og mannfólkið.

Einstakir atburðir hafa einnig styrkt borgarhugmyndina. T.d. 200 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur 1986 var haldið með miklum glæsibrag og gerði Reykvíkinga stolta af borginni. Sama gildir um Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000.

Borgarvitund

Borg er flókin og margslungin enda er hún rammi utan um fjölbreytt mannlíf. Upphaf og tilurð borgar eða einstaka hluta hennar er mismunandi. Röð tilviljana er stundum upphaf borgarumhverfis sem tíminn meitlar síðan til en á meðan aðrir staðir/hverfi eru úthugsuð og þaulskipulögð frá upphafi.

Mismunurinn á borgarlandslaginu og nátturulegu landslagi er að borgarlandslagið er breytanlegt. Þéttbýlisinsumhverfi er allskonar, það er allt frá því að vera aðlaðandi og eftirsóknarvert í það að vera fráhrindandi og hættulegt. Hversvegna er þessi munur? Er hægt að breyta vondu umhverfi í gott? Til að skilja orsakasambandið í borginni, hversvegna eitt umhverfi í þéttbýlinu er öðru betra þarf að rannsaka og greina eins og gert er með náttúruna. Þetta er ekki síður mikilvægt en læra um náttúruna. Með auknu íbúalýðræði eru íbúarnir ornir virkir þáttakendur í mótun umhverfisins í borginni.

Það þarf að vera almenn fræðsla um borgina. Borgarfræði mætti kenna á sama hátt og náttúrufræði er kennd. Eða kennslan gæti tengst öðrum greinum sem kenndar eru í grunnskóla eins og mannkynssögu, myndment og samfélagsfræði. Í framhaldsskóla gæti borgarfræðin tengst kennslu í arkitektúr, félagsfræði, sálfræði, hagfræði, lögfræði og kennslu í sjálfbærni.

Víða má leita fanga til að fræðast. Það má læra af borgum annarstaðar í heiminum sem eiga sér margar hverjar langa sögu. Þar er borgarlíf orðið hluti af

menningunni. Eldri borgir eru flestar með vel formuðum bæjarrýmum í innbyrðis samhengi sem hæfa mannlegum mælkvarða. Því verið haldið fram vegna sérstöðu okkar, hnattstöðu Íslands og veðurfars gildi hér önnur lögmál um borgarumhverfi en annarsstaðar. Þetta er ekki nema að mjög litlu leyti rétt, þegar betur er að gáð er sérstaða okkar ekki það mikil að við getum ekki nýtt okkur þessa sögu og reynslu annarra til að byggja betra borgarumhverfi. Mannlegur mælikvarði og skynjun á umhverfinu breytist ekki eftir breiddargráðum.

Borgarmenning

Ræturnar menningarnar eru það djúpar að gamalrónu dreifbýlissamfélagi verður ekki breytt á augabragði. Það tekur langan tíma fyrir ný gildi að ná fótfestu ná að rótum menningarinnar. Hægt er nokkru að nota listina sem mælkvarða hvernig borgarumhverfið hefur smámsaman fengið sess í íslenski menningu. Á fyrri hluta síðustu aldar varð borgin aðeins viðfangsefni einstakra listamanna. Megin straumurinn hafði ekki skilið við sveitina. Söknuður eftir sveitinni breyttist í upphafningu sveitameningarinnar. En smámsaman er borgin og umhverfi hennar að öðlast sess í íslenski menningu. Nú í byrjun 21.aldarinnar að hún er að verða almennt viðfangsefni í íslenski list. Fjölbreytni borgarinnar, samspil jákvæða og neikvæða þátta dregnir fram dagsljósið frá ýmsum sjónarhornum. Ef íslenskar kvikmyndir eru skoðaðar í þessu ljósi sést að það er ekki fyrr en eftir 1980 að hægt sé að tala um hreinar borgarmyndir að sögsvið þeirra eða rými sé einvörðungu í borginni. (t.d. Rokk í Reykjavík 1982 og Sódóma Reykjaik 1992)

Borgarvernd

Afstaða til sögunnar og sögulegra minja er breytileg eftir tíma og aðstæðum. Þeir sem lenda í miklum raunum vilja helst gleyma því liðna og eyða öllu sem minnir á gamla tíma. Hjá þeim er vilji til að byrja upp á nýtt. Eftir heimstyrjaldirnar tvær vildu margir eftirlifenda á stríðshráðum svæðum Evrópu byrja frá grunni, byggja alveg nýjan heim með óbilandi trú á framtíðina. Gömlum rústum og borgarhlutum var eytt og byggð ný hverfi sem áttu ekkert skylt við það sem fyrir var. Þessar hugmyndir fengu einnig hljómgrunn hjá þeim sem ólust upp við efiðar aðstæður á Íslandi, lifðu við skort og þjugg í lélegu húsnæði. Þetta fólk átti erfitt með að skilja að einhver verðmæti væru í gömlum lúnum húsum.

Nú eru önnur viðhorf. Segja má að fortíðarþrá sé ráðandi miðbæ Reykjavíkur. Ríkjandi afstaða til miðborgar Reykjavíkur er að gamalt sé gott og helst eigi að forðast það sem minnir á samtímann. Það sem er nýtt og nauðsynlega þarf framkvæma á að minnsta kosti að líta út fyrir að vera gamalt. Gömul hús og munir þykja skapa eftirsóknarvert umhverfi en á meðan nýtt umhverfi og nýir hlutir eru að sama skapi óæskilegir í miðbænum. Hér ræður oft óttinn við hið óþekkta og eðlislæg íhaldssemi á umhverfi.

Verndunarmál miðborgarinnar er viðkvæmur málaflokkur. Stíga verður varlega til jarðar. Því það sem er ónýtt drasl fyrir einum eru gersemar fyrir öðrum. En sérstaklega verður gæta að því að falla ekki á þá gryfju að breyta miðborginni í huggulegar sviðsmyndir, eitthvað sem aldrei var til. Breyting á miðbæjarumhverfinu er komin langt út fyrir verndun sögulegra minja. Ætla má að hugmyndir um náttúruvernd séu jafnvel stundumyfirfærðar beint á byggt umhverfi borgarinnar. Mangert umhverfi er þannig litið sömu augum og um óspillta náttúru sé um að

ræða. Þannig að það jafngildi náttúruspjöllum að breyta nokkru umhverfi miðborgarinnar.

Sagan eða minni Borgarinnar skiptir miklu máli. Söguleg tenging gefur umhverfinu dýpt. En það er ekki sjálfgefið að allt gamalt eigi að halda sér. Gömul mannvirki og umhverfi eru ekki öll jafn merkileg. Taka þarf tillit til fleiri þátta en varðveislusjónarmiða eins hvernig á að auka og bæta mannlífið í boginni, hvernig á að bæta útirýmin, auka fjölbreytni og laða að jákvæða starfsemi og draga úr neikvæðri. Í miðbæ reykjavíkur eru mörg ílla nýtt svæði sem særa fegurðarskynið og hægt er að bæta með nýjum byggingum og gróðri. Það væri í samræmi við sýn frumkvöðla Reykjavíkur sem áttu sér drauma um reisulegan bæ með góðum bæjarbrag.

Að sama skapi og sögulegt umhverfi gefur umhverfinu dýpt hefur list í umhverfinu sambærileg áhrif. List í borgum, höggmyndir við götur, á torgum og í görðum og list sem er inngreipt í hús og og önnur mannvirki gerir umhverfið eftirsóknarvert.

Ljóst er að gæði byggðs umhverfis er mjög mismunandi. Umhverfið getur verið allt frá því að vera hættulegt og fráhrindandi í það að vera aðlaðandi og upphafið. Sumt ber því að varðveita en annað má víkja fyrir betri og hagkvæmari kostum. Mannlegar athafnir kalla alltaf á framkvæmdir og breytingar. Ef ekki má breyta og betrubæta núverandi borgarumhverfi þarf að brjóta nýtt land, óþjallaða náttúru.

Almennur vilji virðist vera fyrir því að byggja miðbæjarumhverfi í gömlum stíl, eða svo telur fólk. Það væri verðugt verkefni að athuga hvort það sé einhver þáttur í gömlum húsum sem sem megi yfirfæra í nýja byggð. Í stað þess að byggja sviðsmyndir, “gervi-“gamalt bæjarumhverfi með vönduðum og fínlegum frágangi. Mætti nota sömu alúð og frágang við nútímaleg vönduð hús sem falla vel að byggðinni og hæfa samtímanum.

Umbreyting borgar

Hvenær á að frysta borgina? Hvenær á að rífa eldri byggð og byggja nýja í staðinn? Það er ekki sjálfgefið að vernda allt gamalt í miðbæjarumhverfi. Gamla byggðin getur verið ónothæf. Ný byggð sem kemur í staðinn fyrir þá eldri getur verið betri í alla staði. Fórn minni hagsmunum fyrir meiri. Nýja umhverfið getur orðið einstakt, mannlífsaukandi, hagkvæmara og fallegra en það sem fyrir er.

Hvenær á að brjóta upp vanann? Hvenær á gamla umhverfið að víkja fyrir því nýja? Það þarf oft mikið til að brjóta upp vanann. Í öðrum fræðigreinum eins og hagfræði og félagsfræði er til QWERTY hugtakið sem lýsir fyrirbærum sem læsast í ákveðnu fari, eru í viðjum vanans. QWERTY eru bókstafirnir efst á lyklaborðinu til vinstri. Þeim var upphaflega raðað svona til þess að “stafa”-hamrarnir á ritvélunum flæktust ekki saman þegar var vélritað var. Núna á tölvuöld þegar önnur tækni hefur tekið við hefur þessu ekki verið breytt þótt sýnt hafi verið fram á að önnur röðun bókstafanna væri betri og hægt að skrifa hraðar með annarri uppsetingu bókstafanna. Annað sambærilegt dæmi er þegar VHS vídeokefið yfirtók markaðinn jafnvel þótt BETA kerfið hafi verið tæknilega fullkomnara í alla staði.

Parísarborg

París er í margra huga borg borganna með blöndu fallegra bygginga, garða, torga og öflugs, fjölskrúðugs mannlífs. Borgin datt ekki bara af himnum ofan sem fullsköpuð, hún á sér langa sögu. Elstu mannvistarleifar sem hafa fundist í borginni eru frá 4200 f.kr. Árið 52 f.kr. hernámu Rómverjar borgina af gaulverskum ættflokki. Gaulverjarnir höfðu nefnt borgina Parisii en Rómverjar breyttu nafni hennar í Lutetia. Til að tengja sögu Parísar við Íslandssöguna þá var byrjað var á byggingu Notre Dame kirkjunnar árið 1163 sem var 16 árum áður en Snorri Sturluson fæddist. Um þetta leyti var íbúafjöldi Parísar álíka og hann er í Reykjavík í dag. Íbúafjöldi Parísar um aldamótin 1200 er talin hafa verið um 110.000 manns.

Um 1850 var París orðin milljónaborg en gamla byggðin sem hafði lítið breyst um aldaðir og uppfyllti ekki þeirra kröfur nýrra tíma. Farsóttir voru landlægar í borginni og húsnæði var almennt mjög lélegt. Á árunum 1850-1870 gekk París í gegnum miklar breytingar sem Georges-Eugène Haussmann (f. 27.3. 1809 – d. 11.1. 1891) stjórnaði. Hann vildi byggja nýja borg á grunni hinnar gömlu. Í skipulagsáætlun hans fólst að byggja ný hús fyrir ört stækkandi borg, leggja ný stæti reisa minnisvarða, gera almennigsgaraða og leggja holræsi og veita neysluvatni og gasi um borgina. Hugmyndirnar voru einnig hernaðarlegs eðlis að götur væru það breiðar að auðveldara væri að koma herliði inn í borgina og berja niður uppreisnir innan borgarinnar. Um það bil 60% af miðaldabæ Parísar var rifinn og byggt það umhverfi sem prýðir borgina í dag. Borgarumhverfi sem er umgjörð “belle époque” (fallega tímabilsins). Umhverfi sem er dáð og hefur verið fyrmynd margra annarra borga.



Rue de Poissy de la rue St. Victor. 1865-69, ljósm: Charles Marville



Sama sjónahorn í dag, ljósm: Google Earth

Ljóst er að merkur minjum um miðaldabæinn París var eytt þegar Haussmann endurbyggði borgina. Þrátt fyrir eftirsjá eftir gamla umhverfinu var skapað nýtt og betra umhverfi sem er einstætt hvað varðar feegurð og mannlíf. Ef við hefðum val um París frá miðöldum eða þá París nútímans sem Haussmann skapaði, hvað yrði fyrir valinu?

Borgarbyggð byggð fyrir og eftir 1945

Í upphafi 20.aldar var áherslan á umhverfi miðbæjarins. Byggðin var þétt, mikill mannfjöldi bjó á litlu svæði. Þá var miðbærinn sjálfsgæður miðpunktur alls mannlífs bæjarins, uppbygging bæjarins tók mið af þessu. Í kjölfar seinni heimstyrjaldar með hugmyndafræði módernismans minnkaði áhugi á klassísku borgarumhverfi. Þegar byggðin er skoðuð má lesa ákveðin skil í byggðinni. Byggðin leysist upp, lengra verður á milli húsa, sambyggðar húsaðir ekki lengur reistar og eiginleg borgarými hverfa að mestu. Þótt að Reykjavík sé stór í dag var hún lítil að umfangi þegar þessi skil verða í byggðinni.

Eftirstíðsárin einkenndust af mikilli húsnæðisþörf og hraðri uppbyggingu. Fyrstu kynslóðir íslenskra arkitekta og skipulagsfræðinga eftir seinna stríð menntuðust í margir í stríðseyddu umhverfi Evrópu, þar sem menn trúðu á nýja tíma með formbyltingu og nýrri hugmyndafræði. Þetta varð til þess að ekki lengur var byggt í anda eldri byggðar með vel afmörkuðum bæjarrýmum. Úrlausnarefnin voru önnur það þurfti að finna lausnir fyrir nýjan tíma. Í stærri bæjum og borgum var sókn út fyrir borgina. Einkabíllinn var kominn til sögunar og úthverfin tóku völdin með uppleystri byggð. Mikil áhersla var lögð á vegagerð og ýmiss vandamál sem sköpuðust vegna vaxandi bílaumferðar. Ný byggingarsvæði, svæðiskipting og aðgreining á starfsemi borgarinnar þóttu skipta mestu máli fyrir lífsgæði borgarbúa. Borginni var skipt upp eftir starfsemi í aðskilin svæði. Gerð voru sérstök íbúðahverfi, atvinnusvæði og iðnaðarsvæði. Íbúðarsvæðin voru byggð nálægt náttúrunni og atvinnusvæðunum. Þetta gekk vel í fyrstu. Íbúðarhverfin voru "lifandi" meðan konur voru ekki farnar út á vinnumarkaðinn og stórir barnaskarar eftirstíðsáranna fylltu hverfin. En þegar þjóðfélagsaðstæðurnar breyttust urðu íbúðarhverfin að

svefnhverfum. Fullorna fólkið í vinnu annarsstaðar, lítið mannlíf, mikil ferðabörf, lélegar almenningssamgöngur og mikið af bílastæðum. Segja má að draumurinn um hýbýli í nánum tengslum við náttúruna hafi endað sem hús á stórum mannlífsvana bílastæðaeyjum. Miðborgin var ekki lengur aðalatriðið. Við skipulagningu nýrra hverfa var gerð einföld mynd af borgarlífinu. Vegna þessarar áherslubreytingar í uppbyggingu borgarinnar hvarf að mestu færnin við að byggja í eða aðlaga sig að klassísku borgarumhverfi.

Í kjölfar gagnrýni á módernismann á áttunda áratug síðustu aldar kom áhuginn aftur á miðbænum og fagmennirnir enduruppgvötvuðu ýmiss gæði kassíks borgarumhverfis.

Borg er í eðli sínu fjölbreytni. Vegna eðli nútímaborgarsamfélags þarf borgin að geta rúmað mismunandi þarfir borgarbúa. Fjölskyldustærðir eru mismunandi allt frá einum einstaklingi upp í stórfjölskyldur. Vinnutími fólks er mismunandi, sumir vinna á daginn aðrir á nóttunni, sumir vinna heima. Samfélagið er einnig orðið fjölmenninngarlegt sem kallar á ólíkar þarfir.

Vegna hækkunar eldsneytisverðs og breyttum viðhorfum til búsetu og lífstíls kjósa margir flytjast frá úthverfunum til miðkjarnanna. En þrátt fyrir þetta munu samt margir kjósa að búa þar sem eru stórir garðar næganlegt rými er og þótt afleiðingin sé að langt sé í alla þjónustu.

Borgin / náttúruvernd / sjálfbærni

Er hægt að yfirfæra náttúruvernd beint á borgarumhverfið? Svarið er já. Út frá náttúruverndarsjónarmiðum ættum við að setja okkur markmið um að brjóta ekki nýtt land undir byggð nema um brýna nauðsyn beri til. Með sjálfbærni að leiðarljósi viljum við sem minnst ganga á óspillta náttúru. Þétting byggðar er því náttúruvernd. Við viljum að komandi kynslóðir geti notið náttúrunar á sama hátt og við.

Íslendingar eru aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar. Loftslagssamningurinn hefur það meginmarkið að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfi jarðarinnar af mannavöldum. Markmið samningsins er koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagi af mannavöldum.

Hér á Íslandi stöndum við mjög vel að vígi með hitun húsa sem er mörgum öðrum þjóðum erfið. Á Höfuðborgarsvæðinu höfum við umhverfisvænan jarðhita. Þáttur samgangna í losun gróðurhúsategunda vegur um 20% á Íslandi (*tölur, Umhverfisstofnun, 2010*). Höfuðborgarsvæðið er í dag með mjög deifða byggð. Mikill akstur í gisinni byggð. Eftir stjórnlausu útpennslu á Höfuðborgarsvæðinu er séð að þetta þarf Höfuðborgarsvæðið til að gera á borgarumhverfið sjálfbærara. Með því minnkar ekki aðeins losun gróðurhúsalofttegunda heldur sparast einnig ferðatími.

Höfuðborgarsvæðið er mjög strjálbyggt og það er auðvelt að uppfylla byggingarþörf næstu áratuga með því að þetta byggðina. Til að uppfylla auknar kröfur um náttúruvernd og sjálfbærni megum því búast við því að umhverfi Höfuðborgarsvæðisins muni breytast á næstunni. Jafnvel nánasta umhverfi hvers og eins taki breytingum. Breytingar á þegar byggðu umhverfi hefur fengið mjög neikvætt orð á sér. Því verður að breyta. Breytingum fylgja oft tækifæri til að gera umhverfið betra. Með skýrum markmiðssetningum hvert á að halda og góðu samráði við íbúa er það hægt. Vanda þarf sérstaklega til þéttingar byggðarinnar, Hún þarf að vera með þeim formerkjum að við fáum meiri gæði en við töpum. Við þéttinguna þarf að breyta að einhverju leyti því manngerða umhverfi sem fyrir er. Ljóst er að

aldrei næst full sátt um slíkar breytingar á núverandi umhverfi. Meðfædd íhaldsemi og hræðsla við nýtt umhverfi verði verra en það sem fyrir er helsta ástæðan. Vanda þarf sérstaklega allan undirbúning þéttingar verkefnana.

Borgarþekking

Með lýðræðislegri skipan skipulagsmála getur almenningur haft áhrif á mótun síns nánasta umhverfisins. En þessu valdi fylgir ábyrgð. Ef markmið íbúalýðræðisins á að vera betra umhverfi er nauðsynlegt að almenn þekking og skilningur sé á viðfangsefninu. Ef þekking á umhverfi og eðli þéttbýlisins er ekki fyrir hendi getur íbúalýðræðið snúist upp í múgæsingu og gefið af sér verra borgarumhverfi. Ekki skiptir þá máli hve góð framtíðarsýn og skipulagshugmyndir eru lagðar fram ef þær njóta ekki skilnings og hylli íbúa þá ná þær ekki fram að ganga. Almennur skilningur og þekking á borginni er því einn mikilvægasti þátturinn fyrir framtíð hennar.

Borgarhugtök

Til að skilja og skilgreina borgarumhverfið þurfum við skýr hugtök. Íslenskan er ríkt af hugtökum sem lýsa landslagi, formi landsins og sérkennum. En orð og hugtök sem lýsa þéttbýlinu og borgarlandslaginu eru fá og merking þeirra er oft á reiki. Í íslensku hafa ekki enn mótast skýr hugtök sem lýsa t.d. rými utandyra, því sem byggingar og gróður afmarka í borgum og bæjum.

Skipulagsmál eru mikilvæg fyrir líf fólks. Það skiptir því máli að orð sem tengjast skipulagsmálum séu skýr og allir skilji þau á sama hátt. Almennur, stjórnáamenn, arkitektar og skipulagsfræðingar þurfa að nota sömu hugtökin þannig að allir hafi sama skilning. Þetta er forsenda frampróunar og samræðu um skipulagsmál og mikilvægt til að íbúalýðræði skili betra umhverfi. Til að vinna bót á þessu hefur BBB, Betri borgarbragur gert drög að orðalista um hugtök í skipulagi bæja og borga sem fylgir hér á eftir, 3. ORÐ- OG HUGTAKASÝRINGAR FYRIR BORGAR- OG BÆJARSKIPULAG, bls.23.

Rými borgarinnar

Torg / götur / garðar

Orðið torg er skýrt út í orðabókum að það sé “óbyggt svæði í borg” (*íslensk orðabók, 2002*). Samkvæmt því getur torg verið allt sem ekki er byggt á. Torg er mikið notað orð og er m.a. í mörgum samsetningum í málinu sem falla að þessari skýringu t.d. Óðinstorg, Korputorg og hringtorg. Þessi fyrirbæri eiga ekki mikið sameiginlegt. Hið fyrsta er skýrt afmarkað útirými í miðbæ Reykjavíkur, annað eru verslanir undir sama þaki í útjaðri Reykjavíkur og þriðja er umferðarmannvirki fyrir bíla. Torg kemur fyrir í orðatiltæki sem mörgum er tamt: “að bera eitthvað á torg” sem þýðir að bera eitthvað á borð fyrir almenning. Það er því ljóst að hérna tengist eitthvað mannlíf orðinu torg.

Hér er skýring BBB á orðinu torg:

Torg (danska: torv, enska: square): Útirými með hörðu yfirborði, stærra en göturými, vettvangur mannlífs, afmarkast af húsum eða gróðri. Í eldri bæjum voru torg yfirleitt óformlegur samkomustaður bæjarbúa utandyra, miðpunktur götusölu, fundarhalda eða annarra viðburða.

Torg hafa fylgt menningunni frá upphafi. Þau hafa verið notuð til verslunar, og margskonar samkomur utandyra. Torg hafa í mörgum tilfellum það hlutverk að upphefja ákveðna byggingu við torgið t.d. kirkju. Torg eru einnig mikilvæg afdrep í þéttri borgarbyggð eða eins og rjóður í þéttum skógi.



Markúsartorgið og Markúsarkirkjan eftir málarann Canaletto, 1730.

Eitt þekktasta torg heims er Markúsartorgið (Piazza San Marco) aðaltorg Feneyja. Það er 175m langt og 82m breitt þar sem það er breiðast. Torgið er umlukið þekktum byggingum m.a. Hertogahöllinni (Palazzo Ducale) og Markúsarkirkjunni.

Raunveruleg torg í Reykjavík eru ekki mörg. Þau eru að finna á nokkrum stöðum þar sem byggðin er þéttust. Í Kvosinni er helst að finna nothæf torg og útirými, staði þar sem hægt er að setjast niður og njóta mannlífsins og umhverfisins. Ingólfstorg fellur undir þessa skilgreiningu en Austurvöllur gerið það ekki vegna yfirborðsins sem er að stórum hluta gras. Önnur torg bæjarins eða þau bæjarrými sem eru skýrt afmörkuð eru yfirleitt notuð sem bílastæði. Þau hafa mörg hver verið kölluð "torg í biðstöðu". Það þýðir að að ekki hafi verið tekin ákvörðun um framtíð svæðisins, en með fjölbreyttum innsetningum að sumarlagi sýnt fram á mismunandi skemmtileg not fyrir þau. Borgin á enn eftir að stíga skrefið til fulls. Óðinstorg er eitt þessarra torga sem þyrfti að breyta sem fyrst. Það er vel afmarkað og liggur vel við sólu og það á sér fortíð á fyrrihluta 20.aldar sem sölu- og markaðstorg. Í dag eru 13 bílastæði á Óðinstorgi sem vættu víkja fyrir torgfyrirkomulagi. Byggja þarf hús á auðri lóð til að loka húsaröðinni. Það mun afmarka torgrymið betur.



Óðinstorg sumarið 2012, ljósm: BBB/Kanon



Óðinstorg án bíla og hús hefur fyllt skarðið, ljósm: BBB/Kanon

Þjónusta borgarinnar

Ýmiskonar grunnþjónusta sem okkur þykir sjálfsgöð í dag var ekki að finna í upphafi þéttbýlismyndunar á Íslandi. Í fyrstu var eina þjónusta sveitarfélagsins við íbúa að halda var uppi lögum á staðnum. Íbúarnir áttu að geta verið öruggir fyrir ránum og öðru ofbeldi. Engin götulýsing og neysluvatn og öll förgun úrgangs var á hendi hvers íbúa fyrir sig. Þetta fyrirkomulag gekk vel í fyrstu á meðan húsin voru fá en þegar byggðirnar stækkuðu kom þörf fyrir meiri þjónustu.

Í landi þar sem myrkur er stóran hluta vetrarins var birtuleysið á götunum slæmt, erfitt var að ferðast eftir götum bæjarins í svarta myrkri. Kvartanir bárust frá bæjarbúum strax um miðja 19. öld. um ljósleysið á götum bæjarins. Þann 2. september árið 1876 voru götur bæjarins fyrst lýstar upp með sjö olíuluktarkerjum. Þau stóðu vestanvert við Arnarhólslæk, norðan við brúna neðst á Bakarastígnum (Bankastræti). Sagt var að ljóskerin hefðu víst varla náð að lýsa upp bilið á milli sín. “Flest ljóskerin brotin fyrsta kveldið, er kveikt var, og það voru ekki strákar, sem það gerðu” (bls. 16, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*, Sumarliði R. Ísleifsson). Árið 1897 tók gaslýsing við af olíulömpunum í bænum og hún lýsti aðeins betur upp skammdegið en steinolíulamparnir.

Gasstöðin við Hlemm var stofnuð 1910. Framleiðslan fólst í því að kol sem voru flutt inn til landsins voru hituð ofnum þannig úr varð gas og kox (það var einnig notað til brennslu og upphitunar). Gasstöðin var í einkaeigu til ársins 1916 en þá tók Reykjavíkurbær við rekstrinum. Fyrir utan að vera notað til götulýsingar í Reykjavík var gasið veitt til almennings og fyrirtækja aðarlega til lýsingar og matargerðar. Gasstöðin var starfrækt til ársins 1956. (*Lesbók Morgunblaðsins*, 27,4, 1958).

Rafmagnið leysti gasið smámsaman af hólmi. Í fyrstu kom rafmagnið frá litlum einkarafstöðvum sem voru settar upp víða í bænum. Rafmagnsveita Reykjavíkur tók formlega til starfa sumarið 1921, þegar Elliðaárstöðin var tekin í notkun. Raforkan var flutt eftir til Reykjavíkur með háspennulínu að aðveitustöð á Skólavörðuholti.

Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa árið 1909. Stofnun hennar má rekja til taugaveikisfaraldurs í Reykjavík sem kom upp árið 1906. Orsökina var rakin til mengaðs drykkjarvatns úr Móakotslind við Lindargötu. Árið eftir samþykkti Alþingi vatnsveitulög þar sem ákveðið var að ráðast í gerð vatnsveitu fyrir Reykjavík. Vatnsveita Reykjavíkur stofnuð árið 1909, þá var vatni hleypt á löggn sem lá frá Gvendarbrunnum að Elliðaánum.

Göturæsi voru fyrst lögð í Reykjavík árið 1897 þegar lagt var göturæsi í Bakarastræti (Bankastræti). Ræsin voru mikil bót, en fram að því höfðu göturnar sjálfar þjónað þessum tilgangi. Í byrjun 20. aldar var farið að leggja gangstéttir meðfram götum. Frágangur frárennslis úr göturæsunum var lengi ábótavant. Ræsin lágu út í “Lækinn” sem lá opin í Lækjargötu, en hann rann úr Tjörninni út í sjó. Læknum var lokað og settur í bunustokk árið 1911. Árið 1912 var búið að leggja göturæsi í flest allar götur bæjarins og var þeim beint niður í fjöru.

“Vatnslósettum fór að fjölga í Reykjavík eftir að vatnsveitan kom 1909 en þó ekki hratt til að byrja með því skriður var enn ekki kominn á fráveitumálin. Bæjaryfirvöld sýndu vilja til að innleiða vatnssalerni þótt mörgum þættu þau flottræfilsháttur. Knud Ziemsen fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík taldi mikilvægt að sem flestir fengju vatnssalerni og barðist gegn skattlagningu á klósettinn. Sjónarmið þeirra sem vildu háa vatnssalernisskatta voru m.a. að þeir sem hefðu „efni á að láta saur sinn í postulínsskalar“ hlytu að hafa efni á því að borga háa skatta. Eftir að vatnssalernisskattur var lækkaður um helming 1913 fækkaði útikömrum og fleiri keyptu sér vatnssalerni. Þegar kömrum fækkaði í Reykjavík varð auðveldara að fylgjast með þrifum á þeim en ákvæði voru um hreinsun þeirra í heilbrigðislöggjöf fyrir bæinn frá 1905.”
(*Veitur og heilsa. Áhrif vatns- og fráveitu á heilsufar Reykvíkinga 1890-1940. Höf: Anna Dröfn Ágústsdóttir Hugvísindasvið Háskóla Íslands, 2010*)

Laugaveita Fyrsta hitaveita í Reykjavík var Laugaveita, hún tók til starfa árið 9.nóvember 1930 þegar heitu vatni frá Þvottalaugunum í Laugardal var hleypt á Austurbæjarskóla. Um 50 hús og stofnanir fengu heitt vatn frá veitunni sem var aðeins 2-3% bæjarbúa . Hitaveita Reykjavíkur leysti árið 1943 Laugaveituna af hólmi. En þá var vatnið sótt til Suður-Reykja í Mosfellsveit. Fyrsta húsið í Reykjavík sem var tengt nýju hitaveitunni var Hnitbjörg, listasafn Einars Jónssonar sem var tengt 30. november sama ár. (*Um hitaveitur á Íslandi, Sveinn Þórðarson og Þorgils Jónasson*)

Lokaorð

Eitt af þjóðareinkennum Íslendinga er að þeir hafa sterka vitund fyrir landinu og sveitinni. Henni ber að viðhalda, en það þarf vitundarvakningu um borgina og þéttbýlið. Með markvissri fræðslu og lýðræðislegu skipulagi ætti að vera hægt að hámarka jákvæða hluta þéttbýlisins og lágmarka neikvæða þætti.

Íbúafjöldi og stærð Höfuðborgarsvæðisins og allar aðstæður eru þannig að hér ætti að vera hægt að byggja fyrirmyndarborgsambúðir. Íbúafjöldinn er nægjalega mikill fyrir fjölskrúðugt og öflugt mannlífi með hagkvæmri sameiginlegri þjónustu á nær öllum sviðum.

1. Að byggja sér fortíð

Skipulagsmál miðborgar Reykjavíkur

Skipulags- og umhverfismál miðborgar Reykjavíkur komast inn á milli í hámmæli. Fjölmíðlar landsins loga þá stafna á milli í tilfinningaríkum umræðum um verndunarmál miðborgarinnar. Verndunarsinnar takast á við uppbyggingarsinna. Einstök hús eru til umjöllunar, hvort þau eigi að standa eða víkja fyrir nýrri uppbyggingu. Undanfarið hefur verið nokkuð hlé á þessari umræðu enda framkvæmdagleði þessa daganna í lágmarki. Nú er því lag til að skoða skipulagsmál miðborginnar út frá fleiri sjónarhornum. Verndunarmál og uppbygging einstakra lóða er aðeins hluti af mun stærra máli. Ýmsum gundvallarspurningum um miðbæinn þarf að svara áður en lengra er haldið. Hver á staða miðborgarinnar að vera gagnvart höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu? Hvernig miðborg viljum við eiga? Viljum við safn eða lifandi miðbæ? Viljum við leiktjöld eða raunveruleg hús. Eiga Reykvíkingar að lifa lífinu í úthverfum og heimsækja aðeins miðbæinn til spari, knæpunar á föstudags- og laugardagskvöldum og á sunnudögum fara með fjölskyldunni til að sjá hvernig fólk lifði áður fyrir. Miðbærinn verði þannig fyrst og fremst safn um fyrri tíð sem aðlagaður er að þörfum erlendra ferðamanna. Eða viljum við eiga lifandi miðborg þar sem fólk býr og starfar með fjölbreyttri starfsemi sem höfðar til alla aldurshópa, borgarbúa, landsmanna og ferðamanna.




Laugavegur 4-6 fyrir beytingu. Mynd, Fréttatíminn.



Búið er að breyta húsunum við Laugaveg 4-6 aftur til upprunalegs horfs. Er þetta rétta leiðin? Mynd, Fréttatíminn.

Borgarbyggð

Saga borga er löng. Þegar sérhæfing starfa kom til sögunnar kom þéttbýlið í kjölfarið. Elstu borgir eiga sér árpúsunda langa sögu. Í þéttbýlinu þróaðist siðmenningin. Hugmyndir gengu hraðar á milli manna. Máttur samvinnunar uppgvötaðist og það lærðist að taka þurfti tillit til næsta manns. Borg má líkja við lifandi vef sem tekur hægfara breytingum í tímans rás. Byggð borgarinnar aðlagast nýjum þörfum, starfsemi og hugmyndum hvers tíma. Hver kynslóð setur sín spor í borgarmyndina sem eru misstór og sýnileg eftir efnum og ríkjandi hugmyndum hvers tíma. Borg sem tekur engum breytingum er ekki borg, hún er safn. Þegar við berum Reykjavík saman við aðrar borgir gleymist oft hvað Reykjavík er ung borg. Hún breyttist úr þyrpingu nokkurra húsa í litla borg á rúmum 100 árum. Samanburður við aðrar eldri borgir er því oft erfiður. Eldri borgir státa yfirleitt af stórum gömlum miðbæjarsvæðum með þéttri borgarbyggð sem stundum er nefndur borgarmassi. Reykjavík hefur takmarkaðan borgarmassa og hlutfall hans miðað við úthverfabýggð er lágt í Reykjavík. Einkenni borgarmassans eða þeirra borgarhluta sem byggðust upp fyrir miðja síðustu öld er mikill þéttleiki og skýr bæjarrými. Húsin afmarka útirýmin; götur, torg og garða. Borgarmassinn er þéttbýll og með mjög hátt nýtingarhlutfall sem er ein af forsendunum þess að hægt sé að vera með fjölbreytta miðbæjarstarfssemi. Þéttleiki borgarinnar hefur áhrif hve mannlífið er öflugt. Í þeim borgarhlutum sem er lítill þéttleiki er yfirleitt lítið mannlíf. Mikill þéttleiki er vísir að öfluggu mannlífi.



BBB - KANON - AGÚST 2011
ÍBÚATÖLUR FENGNAÐ FRÁ WIKIPEDIA

Graf 1: mannfjöldapróun í nokkrum nágrannaborgum

Þær borgir sem við horfum helst til og berum okkur saman við eiga sér langa sögu sem borgir eða stórir bæir. Um aldamótin 1900 bjuggu í Reykjavík rétt rúmlega 6.000 íbúar en 400.000 íbúar í Kaupmannahöfn. Reykjavík er því rétt að slíta barnsskónum í þeim samanburði.

Að byggja sér fortíð

“Þetta er miðbærinn okkar. Svona hefði hann litið út hefðum við verið svolítið ríkari.”

Sagan skiptir okkur öll máli. Fortíðin er okkur mikilvæg. Gamalt umhverfi veitir okkur yfirleitt vellíðan og öryggiskend. Gömul mannvirki gefa einnig umhverfinu dýpt. Hjálpa okkur jafnvel með skilning á hlutunum. Hvaðan komum við? Við þurfum því einhverja tengingu við fortíðina í kringum okkur. Hvernig var hér áður og hvernig lifðu forfedurnir? Í gömlum hlutum eru einnig verðmæti sem oft sjást ekki fyrir en búið er að hreinsa, laga og jafnvel endurbyggja. En eitt er að skilja mikilvægi gamalla hluta og sögunnar og hitt er að gleyma sér í fortíðinni og hundsa samtímann.

Afstaða til sögunnar er breytileg eftir tíma og aðstæðum. Þeir sem lenda í miklum raunum vilja helst gleyma því liðna og eyða öllu sem minnir á gamla tíma. Hjá þeim er vilji til að byrja upp á nýtt. Eftir heimstyrjaldirnar vildu margir eftirlifenda á stríðshráðum svæðum byrja frá grunni, byggja alveg nýjan heim með óbilandi trú á framtíðina. Gömlum rústum og borgarhlutum var eytt og byggð ný hverfi sem áttu ekkert skylt við það sem fyrir var. Þessar hugmyndir komu að einhverju leyti til

Íslands. Gleyma ætti því liðna, gamla umhverfið væri ónýtt og byrja upp á nýtt. Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983 er afsprengi þessara hugmynda. Þessar hugmyndir fengu einnig hljómgrunn hjá þeim kynslóðum á Íslandi sem ólust upp við efiðar aðstæður, skort og í lélegu húsnæði. Þessar kynslóðir áttu erfitt með að skilja að einhver verðmæti væru í gömlum húsum.

Í dag er þessu öfugt farið, fortíðarþrá er ráðandi í miðbæ Reykjavíkur. Ríkjandi afstaða til miðborgar Reykjavíkur er að gamalt sé algott og forðast eigi það sem minnir á samtímann. Það sem er framkvæmt á að minnsta kosti að líta út fyrir að vera gamalt. Gömul hús og munir þykja skapa eftirsóknarvert umhverfi en nýtt umhverfi og nýir hlutir eru að sama skapi óæskilegir.

Er í lagi að skálda fortíðina, horfa á fortíðina með okkar augum, skapa fortíðina eins og við viljum hafa hana? Fyrir hendi er tilhneiging til að fegra fortíðina, eða kannski þrá um glæsta fortíð. Það er ljóst að við getum ekki endurskapað fortíðina að fullu. Nýjar kröfur samtímans m.a. um þægindi og öryggi valda því að ekki er hægt að endurgera hús fullkomlega. En hverju má breyta frá upphaflegri gerð? Höfum við algert skáldaleyfi svo framarlega að þetta sé í gömlum stíl? En hvar liggja mörkin? Eignum við kannski að fá Disney með okkur til að klára miðbæinn?

Hvað þýðir það að vernda hús og gera þau upp? Er það alltaf sjálfgefið hvaða leið á að fara í endurbyggingunni? Íslensk hús ganga oft í gegnum miklar breytingar. Íslenski torfbærinn var lifandi. Hann krafðist stöðugs viðhalds, sífelldrar endurbyggingar vegna óstöðugra byggingarefna. Einnig var sífellt verið að breyta þeim vegna nýrra aðstæðna. Sama gildi um íslensku timburhúsin. Þau voru hækkuð, lengd, bíslög byggð og gluggum breytt. Þegar mannvirki með svo flókna byggingarsögu eru endurbyggð má spyrja: Hvernig eiga þau að líta út eftir endurgerðina? Er það sjálfgefið að þau eigi að vera eins og þau voru upprunalega þegar þau voru nýbyggð? Eða eiga þau að vera eins og sú mynd sem var lengst við líði. Eða sú gerð sem hæfir best aðstæðum okkar í dag.

Staðsetning húss kallar oft á breytingar. Stórir verslunargluggar voru settir á sínum tíma á íbúðarhús við Laugavegin þegar gatan varð að verslunargötu. Í dag eru verslunargluggarnir samnefnari götunnar. Þeir mynda eina samfellu frá Hlemmi niður á Lækjatorg. Nú er búið að breyta húsum við Laugaveg 4-6 aftur til upprunalegs horfs og stóri "Bieringsglugginn" horfinn. Viljum við að fleiri timburhúsum við Laugavegin verði breytt eins? Ef endurbygging gamla Landsbankans við Austurstræti stæði fyrir dyrum. Kæmi þá til greina að rífa allar viðbyggingar hússins, fjarlægja efstu hæðina eftir Guðjón Samúelsson og viðbyggingar Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar K. Kristinssonar. Eftir stæði hugverk Christians Thurens, nettlegt, tvílyft hlaðið steinhús frá árinu 1899.

Byggðarmynstur og skipulag

Sagan einskorðast ekki við einstök hús borgarinnar. Sagan liggur líka í byggðarmynstrinu og skipulaginu. Hvernig göturnar liggja, formi húsanna, hvernig húsin tengjast götunni, göturýmum og innbyrðis samhengi borgarinnar. Mælikvarða, stærð og fínleika mannvirkjanna. Hús borgarinnar þurfa að þola nánd í götuhæð. Þau þurfa að vera þannig úr garði gerð að það sé áhugavert að eiga leið framhjá þeim.

Hvers vegna er Smárinn í Kópavogi svona ólíkur miðbæ Reykjavíkur? Starfsemin er lík. Á báðum stöðum eru íbúðir í bland við verslanir og aðra þjónustu. Mismunurinn

liggur í skipulaginu, byggðarmynstrinu og samhenginu við aðra byggð. Miðbær Reykjavíkur byggðist yfir langan tíma áður en almenn bílaeign kom til sögunar með fjölbreyttum bæjarrýmum. Byggðarmynstur miðbæjar Reykjavíkur og samhengi byggðarinnar við Höfnina og Tjörnina er einstakt. Smárann má kalla “bílaskipulag” þar sem allt er hugsað og miðað út frá bílum. Margra akreina götur, að- og fráreinar, bílastæði og önnur umferðarmannvirki yfirgnæfa allt umhverfið. Hérna vantar umgjörð um mannlífið. Allt sem einkennir gott borgarumhverfi mætir afgangi. Fá skýr bæjarrými afmörkuð eða mótuð af byggð. Fáir eru fótgangandi eða á hjóli enda mæta göngu- og hjólaleiðir afgangi.

Þegar uppbyggingaráform koma upp í miðbænum er oft spurt: hvers vegna hlífum við ekki miðbænum og byggjum annars staðar? Skipulag og byggðarmynstur miðbæjarins og tengsl hans við önnur hverfi og umhverfi borgarinnar veldur því að sjálfsagt er að byggja á því sem fyrir er og skapa enn fjölbreyttara og auðugðra mannlíf en það er nú.

Borgarhús


Til að geta byggt þétt er ekki hægt að nota allar húsagerðir. Stakstæð einbýlishús henta illa þar sem byggja á þétt. Klassískt borgarhús sem finnst í öllum borgum er þriggja til sjö hæða og getur staðið sem eining í randbyggð. Borgarhús hefur yfirleitt tvær hliðar, götuhlið og garðhlið. Götumegin er iðandi líf bæjarins en garðmegin er friður og skjól frá skarkala götunar. Við fjölfarnar götur er verslun eða önnur þjónustustarfssemi á jarðhæð og íbúðir á efri hæðum. Í miðborg Reykjavíkur eru mörg góð dæmi um borgarhús, sérsaklega við Laugavegin. Ef einhver hús einkenna Laugavegin þá eru það þessi hús.

Bíoborgin sem var

Miðborg eða öflugir borgarkjarnar eiga að hafa þá burði að hægt sé að sinna sínum erindum á litlu svæði. Þaðan þurfa síðan að vera góðar almenningssamgöngur í nálæg hverfi.

Hvar finnum við mannlífið á höfuðborgarsvæðinu? Hvar heldur fólk sig? Er það í miðbænum, Kringlunni, Smáralind eða í Skeifunni? Eða er mannlífinu dreift á alla þessa staði og stór hluti fólksins í bílum að fara á milli staða í óþarfa ferðum? Er nauðsynlegt að vera í bílum þvers og kruss til að sinna erindum? Þarf ekki að stýra starfsemi borgarinnar þannig að ekki þurfi að endasendast borgarenda á milli til að sinna einföldustu erindum? Skipulagsleysi er kannski helsta skýringin á mikilli bílaeign og akstri landsmanna. Nota þarf skipulag meira til að stýra niðurröðun starfsemi í borginni til að minnka óþarfa akstur og ferðir á milli staða.

Miðborg Reykjavíkur hefur í seinni tíð smám saman orðið einhæf sem stríðir gegn eðli miðborga. Miðborgir eiga að vera með fjölbreytta starfsemi. Ýmis mikilvæg starfsemi er horfin úr miðbænum ásamt stórum vinnustöðum. Miðbærinn er einhæfari en hann var áður. Í dag einkennist miðbærinn mest af börum, hótelum, veitingastöðum og “lundabúðum”. Almennum verslunum eins og matvörubúðum hefur fækkað mikið, einnig er er minna um sérvöruverslanir sem einkenndu miðbæinn áður fyrr. Áfengisútsölum hefur einnig fækkað. Fyrir 30 árum voru tvær af þremur áfengisútsölum Reykjavíkur í miðborginni. Nú er aðeins ein áfengisútsala af sjö í miðborginni.



Kort 1: Kvikmyndahús í miðborg Reykjavíkur 1980

Reykjavík átti einu sinni bíómiðborg. Árið 1980 voru eftirtalin bíó í miðbæ Reykjavíkur: Nýja bíó, Gamla bíó, Hafnarbíó, Regnboginn, Stjörnubíó og Austurbæjarbíó. Í útjaðri miðbæjarins voru síðan Háskólabíó og Tónabíó.



Kort 2: Kvikmyndahús í miðborg Reykjavíkur 2011

Í dag er Regnboginn eina kvikmyndahúsið sem er eftir í miðbænum og Háskólabíó er í útjaðri hans. Kvikmyndahús hafa þann eiginleika að þau eru segull á mannlífið. Þau eru mikilvæg fyrir verslun og aðra þjónustu. Gestir kvikmyndahúsanna eru mikilvægir viðskiptavinir fyrir aðra þjónustu. Þeir sem sækja bíóin eru margir ómótaðir neytendur oft með mikla kaupgetu. Rekstraraðilar stóru verslunarmiðstöðvanna gera sér grein fyrir þessu og starfrækja kvikmyndahús með sinni verslunar- og þjónustustarfsemi.

Þegar verslun hvarf úr miðbænum var talið að fjölgun bílastæða myndi rétta hlut miðbæjarins á ný. En þetta hafði ekki tilætluð áhrif. Fjölbreytt verslunar- og þjónustustarfssemi á enn undir högg að sækja í miðbænum. Bílastæði virðast ekki skipta höfuðmáli. Það sem skiptir mestu máli til að auðga mannlífið í miðbænum er að skapa fallegt og heillandi umhverfi með fjölbreyttri starfsemi. Fólkið mun koma sér á staðinn þótt að það skorti bílastæði. Það mun nýta sér aðra ferðamáta, koma gangandi, á hjóli, í strætó, ferðast fleira í bíl eða leggja bílnum lengra í burtu.

Miðborg höfuðborgarinnar, Kvosin og nánasta umhverfi hennar, er Reykvíkingum og öllum landsmönnum hjartfólgin. Hér er Alþingi, Dómkirkjan, Hæstiréttur og aðalstjórnsýsla landsins staðsett. Hér er líka eini vísir að borg í landinu. Í miðborginni birtist um þessar mundir þrá um að eiga glæsta fortíð byggja falleg hús í gömlum stíl. En Reykjavík er ung borg og þarf að hafa svigrúm til að þroskast, einnig miðborgin. Við þurfum ekki að hræðast samtímann. Nýtt og gamalt getur alveg átt samleið. Við þurfum að vera opin gagnvart nýjum hugmyndum í miðbænum. Það hafa sjálfsagt aldrei verið jafnmargir á Íslandi sem hafa menntun og getu til að skapa fallega og góða hluti og nú. Við þurfum að nota þessa krafta og skoða málið frá fleiri sjónarhornum en við gerum í dag.

3. Orð- og hugtaka- skýringar fyrir borgar- og bæjarskipulag

Skipulagsmál eru mikilvæg fyrir líf fólks. Það skiptir því máli að orð og hugtök sem notuð eru í ræðu og riti um skipulagsmál séu skýr og allir skilji þau á sama hátt. Almennir, stjórnáamenn og arkitektar/skipulagsfræðingar þurfa að nota sömu hugtökin og hafa sama skilning á þeim. Þetta er forsenda allrar frampróunar og samræðu um skipulagsmál og mjög mikilvægt ef íbúalýðræði á að vera virkt í skipulagsmálum. Í skipulagslögum og –reglugerð eru skilgreiningar á nokkrum hugtökum. Þar vantar skilgreiningar einföldum rýmishugtökum. Hér er reynt að bæta úr því. En aðeins er um að ræða vísi að orðalista. Nokkur hugtök tekin fyrir, en vonandi fyrsta skref að orðasafni í skipulagsmálum.



- **Bæjarhluti:** (d. bydel, e. town district): *Borgum er skipt í minni einingar. Oft eru fleiri hverfi innan eins bæjarhluta. Mismunandi skilgreiningar eru á skipingunni, t.d. kirkjusóknir og lögregluumdæmi.*




Bæjarrými (d. Byrum, e. urban,) : *Rými utandyra í borg eða bæ sem er afmarkað af mannvirkjum eða gróðri, getur verið stórt eða lítið. Er sambærilegt við rými innandyra nema það er utandyra og það er ekki afmarkað að ofan með þaki eða lofti. Sama og útirými nema um er að ræða rými utandyra í borg eða bæ.*



Borg (d. by, e. city) : *Þéttbýli er miðpunktur verslunar og viðskipta, samskipta, menntunar, menningar, afþreyingar og þjónustu, hátt nýtingarhlutfall. Fjölbreytt starfsemi, íbúðir atvinna og þjónusta. Hátt hlutfall sambyggðra húsa (borgarhúsa).*

Til að þéttbýli teldist borg áður fyrr í Evrópu þurfti dómkirkju. Borgarmúrar umluktum einnig borgir fyrr á tímum.

Reykjavík er eina þéttbýlið á Íslandi sem er kallað borg. Stærri borgir skiptast oft upp í miðborg og úthverfi, þær geta síðan verið hluti af stærri heild, eins og Reykjavík er hluti af Höfuðborgarsvæðinu.




Borgarhús (d. byhus, e. townhouse): *Húsagerð í þéttbýli þar sem byggð er þétt, yfirleitt sambyggð hús 3-7 hæðir.*



- **Botnlangaskipulag:** (d. cul du sac, e. cul du sac): *Umferðarmiðað skipulag, flokkað gatnakerfi. Húsagötum er ráðað þannig að ekki verði gegnumakstur um þær. Með botnlangaskipulagi nást langar vegalengdir göngustíga sem ekki þvera götur. Dæmi: Foldahverfi í Reykjavík*



- **Einbýlishús** (d. villa, e. private house): *Stakt hús á lóð fyrir eina fjölskyldu.*




- **Gatnanetsskipulag:** (d. gadenet, e. grid street plan) *Klassískt skipulag, göturnar mynda net sem auðvelt er að ferðast um, bæði fyrir gangandi og akandi. Umhverfi sem gefur möguleika á að mynda skýr bæjarrými. Dæmi: Vesturbær Reykjavíkur*



Göturými: (d. gaderum, e. streetspace) : *Útirými sem er afmarkað af húsum sitthvorum megin götu.*



- **Hæð/sérhæð:**
Sambyggt hús sem skiptist lárétt í tvær eða fleiri eins íbúðir. Aðeins íbúð á 1.hæð hefur beinan aðgang að garði.



- **Húsagarður:** (d.baggård, e.backyard)
Garður umlukin byggingu eða byggingum, stærri en innigarður.



- **Hverfi:** (d. nabolag, e. neighbourhood): *Nánasta umhverfi íbúðar, skóli og hverfisþjónusta. Skil á milli hverfa geta verið óljós. Yfirleitt eru skilin fjölfarnar umferðargötur eða náttúruleg afmörkun.*



- **Innigarður** (d. atriumgård, e. atrium)
Garður inni í byggingu. Hleypir birtu og lofti inn í byggingu.



- **Kolefnisspor:** (e. carbon footprint): *“Kolefnisspor er mælikvarði sem notaður er til þess sýna áhrif athafna mannsins á loftslagsbreytingar. Mælikvarðinn vísar til þess magns gróðurhúsalofttegunda sem við losum beint eða óbeint í okkar daglega lífi, t.d. vegna samgangna, neyslu mats og drykkjar, áhugamála, ferðalaga o.s.frv. Búseta og lífsstíll hefur því mikil áhrif á stærð kolefnisspors hvers einstaklings.” (heimild: loftslagsbókhald 2008, Landsvirkjun).*



- **Miðborg:** (d. centrum, e. inner city): *Yfirleitt söguleg miðja borgar, mikill þéttleiki fjölbreytt verslunar- og þjónustustarfsemi.*



- **Parhús** (d. parhus, e. double house): *Sambyggt hús sem skiptist lóðrétt í tvær eins húseiningar. Hvort um sig fyrir eina fjölskyldu. Báðar einingar hafa aðgang að garði.*



- **Raðhús** (d. rækkehus, e. row house): *Sambyggt hús með fleiri en tveimur einingum. Hver eining er fyrir eina fjölskyldu. Allar einingar hafa beinan aðgang að garði.*



- **Randbyggð** (d. karrébebyggelse, e. block): *Samhangandi röð húsa í kringum húsagarð.*



Sjálfbærni (d. bæredygtighed, e. sustainability): *Allar auðlindir séu nýttar þannig að næstu kynslóðir geti notið þeirra á sama hátt og við gerum. Þetta hefur einnig verið orðað: „Mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.“* (Brundtlandsskýrslan 1987).



Torg: (d. torv, e. square) : *Útirými með hörðu yfirborði, stærra en göturými, vettvangur mannlífs, afmarkast af húsum eða gróðri. Í eldri bæjum voru torg yfirleitt óformlegur samkomustaður bæjarbúa utandyra, miðpunktur götusölu, fundarhalda eða annarra viðburða.*




Umferðartorg: (sæn. trafikplats, e. traffic square) *Umferðarmannvirki á gatnamótum t.d. umferðarhringtorg (d. rundkørsel, e. roundabout). Gera verður skýran greinarmun á umferðartorgi sem er tæknileg útfærsa á gatnamótum og torgi sem er bæjarrými.*



- **Úthverfi:** (d. forstad, e. suburb eða urban sprawl, eða suburban sprawl): *Í útjaðri borga og bæja yfirleitt lítill þéttleiki byggðar með háu hlutfalli sérbyla. Úthverfin eru byggð eftir 1945 þau eru háð háð einkabílnum sem aðalsamgöngumáta.*



Útirými: (d. nderum, e. outdoor spaces) *Rými utandyra sem er afmarkað af mannvirkjum eða gróðri, getur verið stórt eða lítið. Er sambærilegt við rými innandyra nema það er utandyra og það er ekki afmarkað að ofan með þaki eða lofti.*



Teikn/dæmi: þéttbýli 20 húsa með 50 íbúum, 3,8km að lengd, Reykjavík í bakgrunni (teikn. BBB/Kanon)

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Afmarka má þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags. (Skipulagslög 2010 nr. 123)



Þjónusta í borg: Þjónustu við borgarbúa má skipta í þrennt. Skiptingin fer eftir því til hvað marga íbúa þjónustan höfðar til.

1. **Hverfisþjónusta:** nánasta þjónusta við íbúa, þjónustan sé í göngufæri (grunnskóli, leikskólar, dagvöruverslun).
2. **Hverfishlutapjónusta:** Þjónusta hverfishluta t.d. framhaldsskóli, heilsugæsla, pósthús, kirkja, bókasafn, sundlaug og sérvöruverslanir
3. **Miðbæjarþjónusta:** Þjónusta í miðbæ t.d. Leikhús, bíó, veitingahús, háskóli, listasöfn og sérvöruverslanir.